

SAMÞYKKT**um afnám samþykktar um hundahald í Grundarfirði nr. 203/1977.**

Samþykkt um hundahald í Grundarfirði nr. 203/1977 er hér með numin úr gildi.

1. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Eyrarsveitar staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sbr. lög nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. apríl 1984.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Ingimar Sigurðsson.

27. apríl 1984

Nr. 219

SAMÞYKKT**um hundahald í Kjalarneshreppi.**

1. gr.

Allir hundar í Kjalarneshreppi skulu vera skráðir á skrifstofu hreppsins þar sem eigandi hundsins fær afhenta plötu, þar sem skráð er nafn hundsins ásamt heimili og símanúmeri ábyrgðarmanns. Merkið skal vera í ól um háls hundsins. Greiða skal sérstaklega fyrir merkiplötuna.

2. gr.

Skylt er hundaeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu váttryggingarfélagi. Við hundahreinsun skal lögð fram kvittun frá váttryggingarfélagi, sem sýni að trygging sé í fullu gildi. Við hundahreinsun skulu hundaeigendur greiða hreinsunargjald.

3. gr.

Hundar skulu ekki ganga lausir í þéttbýli á Kjalarnesi, né heldur við opinberar stofnanir.

4. gr.

Öllum hundaeigendum í Kjalarneshreppi er skylt að sækja hund sinn, sé hann tilsagður fjarri heimili sínu.

5. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Kjalarneshrepps staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sbr. lög nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 27. apríl 1984.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Ingimar Sigurðsson.